

STÉTTARFÉLAG LÖGFRÆÐINGA

Borgartúni 6, 105 Reykjavík, sími 5812720, fax: 5889239, www.bhm.is/sl - sl@bhm.is

Alþingi
Erindi nr. P 133/1062
komudagur 19.2.2007

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. febrúar 2007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla nr. 15 25. mars 1998 og lögum um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991, 496. mál.

Vísað er til erindis dags. 31. janúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn stéttarfélags lögfræðinga (SL) um ofangreint lagafrumvarp. Almenn afstaða félagsins til frumvarpsins er jákvæð. Þannig ber að fagna því að aukin verði ábyrgð og verkefni aðstoðarmanna dómara frá því sem nú er. Í samráði við fulltrúa aðstoðarmanna dómara eru eftirfarandi athugasemdir gerðar.

Launaákvæðanir:

Ekki er ljóst af frumvarpinu hvernig launamálum verður háttáð. Fram kemur í greinargerð að rök séu fyrir því að kjararáð ákveði launin, en það er þó ekki tryggt. Til þess að tryggja sjálfstæði aðstoðarmanna dómara í starfi verður að vera öruggt að laun séu ákveðin af kjararáði. Að öðrum kosti verða aðstoðarmenn upp á yfirstjórn dómstólsins komnir vegna launamála. Þá er óljóst hvernig málum verður háttáð varðandi aðstoðarmenn sem ekki verða falin þessu auknu verkefni, en gert er ráð fyrir því að það verði alfarið í höndum dómstjóra að ákveða hverjum hann felur verkefni. Lagt er til að skýrlega verði kveðið á um kjör aðstoðarmanna þeirra sem falin eru hin tilteknu dómarastörf. Þess vegna er gerð tillaga um eftirfarandi breytingu á 6. gr. frumvarpsins:

Við 3. mgr. 17. gr. laganna bætist:

„, og ákvarðast laun fyrir þau störf af Kjararáði, sbr. 25. gr. laganna.“

Starfstími:

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að starfstími aðstoðarmanna dómara verði takmarkaður við 6 ár með möguleika á endurnýjun einu sinni. Í dag takmarkast starf aðstoðarmanna við 5 ár og má segja að því sé um nokkurs konar lærdómsstöðu að ræða. Það hefur þegar reynt á þessa reglu þar sem aðstoðarmaður sem vildi halda áfram starfi þurfti að hætta. Þá hafa fleiri hætt vegna þess að starfið er tímabundið og aðstoðarmenn þurfa að finna sér starf innan þessa tíma. Þessu var ekki svona farið um dómarafulltrúa og er ekki um aðstoðarmenn Hæstaréttardómara og þurfa þeir þó ekki að uppfylla nein skilyrði um starfsreynslu eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þar er það skilyrði sett fyrir því að fá starfið að viðkomandi sé þegar með tveggja ára

starfsreynslu, auk þess sem hann þarf að uppfylla flest sömu skilyrði og gilda um dómaraembætti. Ef reynsla er skilyrði fyrir starfinu er ekki um lærdómsstöðu að ræða og því ætti starfið ekki að vera takmarkað í tíma. Þá má benda á að einungis er krafist eins árs lengri reynslu í dómaraembætti. Með því að starfið verði tímabundið er augljóst að sjálfstæði aðstoðarmanna dómara er skert. Þá verður sú skerðing enn meiri vegna þess að möguleiki er á endurnýjun, sem væntanlega veltur á ákvörðun dómstjóra. Þá getur það verið til mikils óhagræðis fyrir dómstól að missa starfsfólk með reynslu sem gjarnan vill halda áfram í starfi. Það getur haft enn meiri áhrif úti á landi þar sem erfitt getur verið að fá lögfræðinga til starfa. Í frumvarpinu er mikið lagt upp úr því að starfsöryggi aðstoðarmanna verði tryggt, m.a. með því að ekki sé hægt að segja aðstoðarmanni upp nema með dómi. Er ákvæðið um tímatakmörkun starfstíma í algerri andstöðu við það. Verður ekki séð að nein efni séu til að binda starfið tímatakmörkunum. Af þessum sökum er lögð til eftirfarandi breyting á 6. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. 17. gr. falli út eftirfarandi:

„...að öðru leyti en því að hún skal vera til sex ára og skal vera heimilt að endurráða starfsmanninn einu sinni við sama dómstól.“

Starfsheiti:


Þá er lagt til að starfsheitið aðstoðarmaður dómara verði endurskoðað. Heitið gefur ekki til kynna hvert starfið er, enda er það notað um fólk með ýmsa menntun, t.d. eru sumir ritarar á lögmannsstofum kallaðir aðstoðarmenn lögmanna. Eðli starfsins er að breytast mikið og það er eðlilegt að breyta starfsheitinu og gefa til kynna aukna ábyrgð. Væri mun heppilegra að notast við gamla heitið dómarafulltrúi, eða jafnvel aðstoðardómari. Til samanburðar má benda á að starfsheitið á Norðurlöndum er dommerfuldmættig og á ensku Deputy Judge eða Assistant Judge.

Lokaorð:

Að lokum þakkar SL allsherjarnefnd fyrir að hafa leitað umsagnar félagsins og ítrekar það sem fram kom í upphafi hennar um almenna jákvæða afstöðu félagsmanna til þeirra breytinga sem frumvarpið felur í sér með þeim athugasemdum og breytingatillögum þeim sem gert hefur verið grein fyrir.

F.h. Stéttarfélags lögfræðinga (SL)


Eyþóra K. Geirsdóttir hdl. formaður


Guðfinna H. Þórsdóttir hdl. gjaldkeri